

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 5-2020

Staður: Fjarfundur í Teams og í Mörkinni á Keldnaholti

Tími: Þriðjudaginn 19. maí, kl. 15:05

Fundinn sátu: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Bjarni Diðrik Sigurðsson (ritar), Halldór Þorgeirsson, Guðrún Eik Skúladóttir, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, Þórey Gylfadóttir og Ágústa Rut Haraldsdóttir.

Dagskrá

1. Innleiðing stefnu

Deildarforsetar, Isabel C. Barrio, Kristín Pétursdóttir og Þóroddur Sveinsson mæta á fundinn.

Bókun N&S deildar var rædd og þær umræður sem fóru fram meðal starfsmanna skólans á öðrum deildarfundum. Mikilvægt er að halda áfram innleiðingunni á Reglum Lbhí og skipuriti skólans með starfsmönnum. Deildarforsetar eru í lykilstöðu, ásamt rektor, við að tryggja að teymisvinna og sameiginleg ákvarðanatataka aukist innan skólans, og að nýtt stjórnskipulag verði innleitt á þann hátt að öllum starfsmönnum sé ljóst hvernig það á að virka.

Umræður fóru fram um hvernig málinu verður best framhaldið. Rektor, deildarforsetar og háskólaráð lýstu yfir sameiginlegri sýn um hvernig stjórnunarteymi skólans þarf að vinna saman. Ekki síst við innleiðingu á nýju stjórnskipulagi og stefnu skólans og samskiptum við hagaðila að starfsmenntanami skólans.

Isabel og Kristín viku af fundi.

2. Fæðuöryggi

Erla Sturludóttir mætti á fundinn og kynnti vinnu sem núna fer fram um fæðuöryggi Íslands í samstarfi við Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Erla, Guðni, Gurrý, Ingólfur, Jóhannes og Þóroddur hafa verið í vinnuhópnum fyrir hönd Lbhí.

Greining hópsins á matvælaframleiðslu á Íslandi var kynnt og hvaða breytingar hafa orðið á henni á síðustu áratugum. Skýrslan greinir einnig hlutfall á innlendi framleiðslu og innflutningi í einstökum búgreinum og fæðuflokkum. Ógnir við fæðuöryggi eru einnig mikilvægur hluti af skýrslunni. Það er ekki síst þar sem innlend framleiðsla er háð innfluttum aðföngum sem slík áhætta er umtalsverð. Leiðir til að auka fæðuöryggi á Íslandi er síðan það sem skýrslan á að draga út.

Áhugaverðar umræður fóru fram um hvaða önnur sjónarmið en sjálf fæðuframléðslan eiga að koma inn í skýrsluna. Erlu og Þóroddi þakkað fyrir þessa kynningu og háskólaráð sér mikil tækifæri fyrir Lbhí að láta rödd sýna heyrast betur í opinberri umræðu í tenglum við þessa - og aðra sambærilega vinnu.

Erla og Þóroddur viku af fundi.

3. Tillögur að nýjum verkefnum

Opnar umræður fóru fram um ný verkefni og tækifæri til fjármögnunar þeirra.



- Mikilvægt að lyfta enn betur upp hagnýtum rannsóknum í starfi Lbhí og auka enn meira samstarf við ráðgjafafjónustu og búgreinafélög og ná þannig aftur hluta af fyrri stöðu gagnvart búgreininum.
- Mikilvægt að halda áfram að gefa út kennslubækur og kennsluefni í mismunandi búgreinum. Svipað og gert var fyrir sauðfjárræktina á sínum tíma.
- Bútæknirannsóknir eru fræðasvið sem þarf að sinna betur.
- Aukinn mannauður er forsenda fyrir því að Lbhí geti náð öflugri stöðu með nýjum verkefnum.
- Enn öflugri þátttaka í umsóknum til samkeppnissjóða mun til lengri tíma skila sér aftur í formi aukins mannauðs til skólans.
- Mikilvægt að hugsa stærra en um “einstaka verkefni” og mynda bandalög um slík “áherslumál í rannsóknum og þróun” þannig að öll virðisikeðjan sé inn í verkefnunum. Forgangaþað og keyra fáar slíkar áætlanir í einu.
- Reyna að tengja betur saman landsbyggð og nýsköpunarsjóði. Þar er mikið sóknarfæri fyrir skólann að taka sér slíkt hlutverk.

Háskólaráð þarf að halda áfram að móta og þróa hugmyndir og raunverulegar aðgerðir til að marka stefnuna um slík ný rannsókn- og þróunarverkefni og auknu samstarfi við aðra hagaðila.

4. Háskólafundur

Háskólafundur verður haldinn 12. júní nk. Undirbúa þarf kosningu fulltrúa starfsmanna til næstu tveggja ára. Fundarboð og kjörskrá verður sent út í vikulok.

Umræða fór fram um mögulega dagskrá á háskólafundi og staðsetningu hans.

5. Til upplýsingar

a) Brautskráningar 2020

Brautskráningar verða haldnar samkvæmt áætlun en með aðeins breyttu sniði þar sem hver kandídat getur boðið með sér einum gesti í athöfnina.

b) Sumarnámskeið og sumarstörf á vegum skólans

Búið er að auglýsa sumarnámskeið og hefur fjöldi umsókna þegar borist. Skólinn hefur fengið samþykktar allt að 25 m.kr. vegna sumarnámskeiða. Óskað hefur verið eftir 25 sumarstörfum á vegum Vinnumálastofnunar. Fjöldi umsókna var sendur til Nýsköpunarsjóðs námsmanna.

c) Fundur með stjórn Bændasamtaka Íslands

Fundur var haldinn með stjórn Bændasamtaka Íslands þriðjudaginn 12. maí þar sem farið var yfir stefnu og skipurit skólans, samninginn við ANR og samstarfsfletir ræddir. Stjórn BÍ hefur áhuga á frekari upplýsingum um námskeið á vegum Endurmenntunar Lbhí. Þá var einnig sagt frá sumarnámskeiðum sem verða í boði vegna átaksins í sumar, en þau eru opin nemendum skólans og öðrum áhugasömum. Í framhaldi fundarins voru frekari gögn send BÍ um sumarnámskeiðin og námskeið Endurmenntunar.

d) Jafnlaunavottun

Vinna vegna jafnlaunavottunar hefur farið fram undanfarna mánuði undir stjórn Þórönnu Jónsdóttur og Guðmundu Smáradóttur, mannauðs- og gæðastjóra. Stöðuskýrsla var kynnt fyrir starfsmönnum á fundi



þann 16. apríl sl. Úttekt fór fram 4. maí sl. og var mælt með því að skólinn fengi vottun. Er þetta mikil viðurkenning og er starfsmönnum sem komu að þessari vinnu þökkuð vönduð vinna.

e) Mid-Term úttekt Gæðaráðs íslenskra háskóla sl. haust

Drög að skýrslu Gæðaráðs íslenskra háskóla vegna úttektar sl. haust barst í síðustu viku. Skýrslan er afar jákvæð í garð skólans. Er starfsmönnum öllum sem komu að þeirri vinnu þakkað óeigingjarnt og vandað starf. Gæðaráðið mun funda með rektor og mannauðs- og gæðastjóra 8. júní nk., en næsta úttekt verður gerð 2022.

f) Samningur opinberra háskóla um gagnkvæman aðgang nemenda að námskeiðum

Samningur opinberra háskóla um gagnkvæman aðgang nemenda að námskeiðum hefur verið í endurskoðun. Álfheiður Marinósdóttir, kennslustjóri situr í nefndinni fyrir hönd Lbhí. Rektorar opinberu háskólanna lýstu yfir ánægju sinni með vinnuna og ákveðið að samningurinn yrði kynntur í hverjum háskóla áður en hann yrði formlega samþykktur.

g) Nýr lektor við Lbhí

Gengið hefur verið frá undirritun samnings við Dr. Samaneh Nickayin, landslagsarkítekt við deild skipulags og hönnunar. Hún tekur til starfa 1. júní nk.

h) Nýir gestakennarar við Lbhí

Samningar annars vegar við nýjan gestaprófessor Dr. Jan Axmacher við deild náttúru og skógar og hins vegar við nýjan gestalektor Dr. Charlottu Oddsdóttur við deild ræktunar og fæðu voru undirritaðir nýverið. Við bjóðum nýju gestakennarana okkar velkomna í hópinn.

i) Framlengdur leigusamningur um Mið-Fossa

Í síðustu viku var leigusamningur um Mið-Fossa framlengdur til fjögurra ára og áhuga beggja aðila lýst yfir um að skólinn eignist Mið-Fossa til framtíðar.

j) Úthlutanir úr sjóðum

Stjórnir Blikastaðasjóðs og Framfarasjóðs Ingibjargar Guðmundsdóttur og Þorvaldar Guðmundssonar í Síld og Fisk hafa ákveðið úthlutun styrkja sem verða afhentir við brautskráningu 5. júní nk.

6. Önnur mál og næsti fundur

Fundi slitið kl 17:35.

Næsti fundur háskólaráðs verður þriðjudaginn 12 júní.

Fundargerð send út í tölvupósti. Hún mun skoðast sem samþykkt ef athugasemdir berast ekki innan þriggja daga.

